



Árið 2006 setti United Nations fram sáttmála umjöfn réttindi fatlaðs fólks. Sáttmálinn felur í sér þá áskorun til aðildarríkja að tryggja að fatlað fólk hafi réttindi til þátttöku í samfélaginu til jafns við annað fólk. Þessi sáttmáli felur meðal annars í sér að fatlað fólk eigi að hafa jafnan rétt og aðrir til að nýta sér samgöngur. Í kjölfar sáttmálans hafa fjölmörg lönd unnið aðgerðaáætlanir sem miða að því að tryggja að fatlaðir einstaklingar hafi möguleikann á að koma sér sjálfir á milli staða. Norðurlöndin (Danmörk, Svíþjóð og Noregur) hafa unnið ötult að þessu og hafa gefið út góðar handbækur og leiðbeiningar um hvernig móta megi umhverfi okkar svo allir geti tekið jafnan þátt í samfélaginu. Oft hefur þetta verið nefnt algild hönnun, universell utforming eða universel design á norðurlandamálum og á ensku universal design.

Þegar rætt er um aðgengi er það fyrsta sem fólk hugsar um bætt aðgengi fyrir fólk í hjólastól. Það er góð byrjun og getur hjálpað mörgum sem glíma við hreyfiskerðingar en hjálpar þó ekki til dæmis þeim sem glíma við ofnæmi eða sjónskerðingu. Algild hönnun þýðir að sem flestir hafi tækifæri á því að komast allra sinna ferða af eigin rammeik. Þetta felur ekki í sér að markmiðið sé að koma öllum til Everest en það felur í sér að aðgengi er skoðað með tilliti til heftandi þáttum hjá stærri hópum. Íslendingar samþykktu fyrrnefndan sáttmála sameinuðu þjóðanna á nýliðnu haustþingi og að öllu jöfnu ætti það að fela í sér að algild hönnun verði höfð til hliðsjónar þegar kemur að hönnun og lausnum viðkomandi samgöngum og umferðarumhverfi. Eins og staðan er í dag höfum við Íslendingar ágætis reglur er varða algilda hönnun og aðgengi inn í og innan bygginga en fáar reglur eða leiðbeiningar eru til er varða algilda hönnun í umferðarumhverfi og annars staðar utandyra. Það er ekki alltaf þörf á því að finna upp hjólið og í þessu tilviki eru til góðar reglur hjá nágrannaþjóðum okkar er varða aðgengi að samgöngum og almenningsrymum utanhúss sem hægt er að yfirfæra á íslenskar aðstæður.

Þegar Norrænu hönnunarreglurnar er varða aðgengi í umferðarumhverfinu eru skoðaðar nánar kemur í ljós að nokkurs misræmis gætir á milli þeirra.

Með það til hliðsjónar var markmiðið í þessu verkefni að:

- Gera samantekt á stöðlum og reglum sem lúta að aðgengi utandyra í Noregi, Svíþjóð og Danmörku
- Greina hvernig sé hægt að nýta þessar reglur og staðla fyrir algilda hönnun við íslenskar aðstæður

Aðgengi og algild hönnun er ekki sami hluturinn. Til að útskýra hvað er átt við þarf að skoða aðgengi út frá tveimur þáttum. Annars vegar er það aðgengi og hins vegar er það notagildi. Aðgengi er hægt að skilgreina sem hlutlægt hugtak. Aðgengi snýr því að stöðlum og handbókum og þáttum sem þurfa að vera til staðar til að fólk komist ferða sinna. Notagildi hins vegar er huglægt og snýr að því hvernig notendur upplifa aðgengið/lausnir sem eru notaðar og hvernig þær nýtast þeim við að komast um. Notagildið er mikilvægur þáttur í aðgengi því við getum gert samfélagið okkar aðgengilegt samkvæmt öllum stöðlum og handbókum en notandinn gæti hins vegar upplifað að notagildi er lítið. Algild hönnun táknar hönnun sem kemur að öllum þáttum umhverfisins. Hvort sem það er bygging, hnífapör eða strætóstoppistöð. Algild hönnun þýðir að við sem samfélag breytum viðhorfi okkar og að við gerum okkar besta til að hleypa öllum að í samfélaginu og jafna rétt. Algild hönnun snýst um viðhorfsbreytingu, jafnrétti og er frekar ferli en ákveðin niðurstaða. Þess vegna er mikilvægt að gera greinarmun á þessum hugtökum og benda á að þessi skýrsla/rannsókn tekur helst á hlutlægum hluta aðgengis og hvernig handbækur og staðlar í Norðurlöndunum eiga að stuðla að og tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu.



Það eru ákveðnir þættir sem þarf til að tryggja að allir (eða sem flestir) komist af sjálfsdáðum leiða sinna. Besta leiðin til að tryggja það er með því að horfa heildstætt á viðfangsefnið, þ.e. að manneskjan komist frá A til Ö. Fyrir samgöngur felur það í sér að manneskja þarf að geta komist frá útgangi á upphafsreit til inngangs á áfangastað. Þannig þarf að huga að aðgengi á og að göngu og hjólastígum, almenningsamgöngum og bílastæðum og huga að hlutum eins og:

- Hönnun
- Viðhald
- Gróður
- Upplýsingar
- Götugögn

Þetta eru margir þættir og því er stiklað á stóru í þessu ágripi og einungis nefndir nokkrir þættir er varða algilda hönnun á göngu-og hjólastígum og nánasta umhverfi þeirra.

HÖNNUN

Til þess að komast leiða sinna sem gangandi vegfarandi (eða hjólandi) þá eru ákveðnir þættir sem þarf að hafa í huga. Til að byrja með er mikilvægt að göngu-og hjólastígar séu ekki með hindrunum, að þeir séu með jöfnu yfirborði (ekki með sprungum og mishæðótt) og að lengdar og þverhalli sé ásættanlegur. Hvað varðar hönnunarforsendur göngu-og hjólastíga þá virðast Norðmenn setja strangari reglur er varðar breiddir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Til dæmis segja Norðmenn og Svíar að breidd sem þurfi að gera ráð fyrir svo að fólk í hjólastól komist fyrir á göngustígum sé minnst 0,90m á meðan í Danmörku er sú breidd um 0,75m.

Þegar kemur að þverhalla þá hafa Norðmenn ákveðið að mesti lengdarhalli megi vera 5 % við mannvirki og á útisvæðum sem eru miðsvæðis. Í öðrum hverfum er í lagi að hafa lengdarhalla 8 %. Í dönskum stöðlum er mesti ráðlagði lengdarhalli 4% og hámark 5%. Sænskir staðlar kveða á um að lengdar – og þverhalli eigi ekki að vera meiri en 1:50 (2%) því annars er erfitt fyrir fólk með hreyfiskerðingar að komast leiða sinna. Þetta á við hvort sem um er að ræða miðsvæðis eða annars staðar.

Það er einnig mikilvægt að minnast á það að stundum er ekki mögulegt eða erfitt að uppfylla allar þessar kröfur en skýrt er tekið fram að þessar reglur gilda þar sem hægt er að uppfylla þær. Eins og áður sagði, þá erum við ekki að tala um að koma fólk á Everest, heldur snúast aðgengis aðgerðir um það að hjálpa fólk að komast ferða sinna eftir bestu getu.

Annar þáttur sem er mikilvægur er varðar göngu- og hjólastíga er niðurtektir. Með því er átt við að kantsteinar séu teknir niður svo að niðurtektin sé ekki of brött. Það er ekki nóg að segja í stöðlum að þar sem eru gönguleiðir að þar sé niðurtekt. Heldur þarf líka að taka fram að niðurtektin uppfylli ákveðnar forsendur svo að hana sé hægt að nota (notagildi vs. aðgengi). Þess vegna er mikilvægt að nefna að niðurtektir skulu gerðar þannig að þær hafi ekki mikinn halla. Hönnun á niðurtektum hefur verið efní í átök á milli hagsmunahópa. Hreyfiskertir vilja hafa niðurtektir þannig að það sé lítill hæðarmunur á meðan blindir og sjónskertir hafa mótmælt því, þar sem þeir nota oft kantinn til að feta sig og gera sér grein fyrir hvar þeir eigi að bíða eftir að umferð stöðvist. Því gætir einhvers misræmi á milli landa er varðar niðurtektir. Norðmenn taka niður göngustíga svo að mest sé 2cm kantur eftir við gangbrautir eða við þveranir. Við gangbrautir hafa þeir síðan áherslufleti (plattar sem vara sjónskerta og blinda við því hvar eigi að stöðva áður en farið er út á götuna). Hönnun á niðurtektum í Svíþjóð hefur verið leyst þannig að niðurtektir eru með lítinn halla og teknar niður í 0-



kant (s.s. enginn kantsteinn eftir). Niðurtektin er um 90-100cm breið og við hlið hennar er kantsteinninn ennþá til staðar fyrir sjónskerta. Á kantsteininum hafa verið settar leiðarlínur og áherslufletir til að gefa sjónskertum til kynna hvar þeir eigi að bíða eftir að komast yfir götuna. Þetta misræmi hefur vakið athygli og var nýlega gerð könnun á upplifun sjónskertra og hreyfihamlaðra á því hvor hönnunin sé betri. Svo virðist sem að það séu lítill munur þar á milli.

VIÐHALD

Allir staðlar eru sammála um það að viðhald á göngu-og hjólastígum er mikilvægt til að tryggja aðgengi allra. Fyrir íslenskar aðstæður þá er helst að nefna snjómokstur og sópun göngu-og hjólastíga. Þetta er hlutur sem oft fær ekki nógu mikla athygli en það er ef til vill vegna þess að föll/óhöpp á göngu og hjólastígum (þar sem enginn bíll er með viðkomu að slysinu) fá ekki nægilega mikla athygli. Í Svíþjóð eru föll og óhöpp á göngu og hjólastígum flokkuð sem umferðarslys og því skráð í slysaögn og kynnt í slysatölum fyrir umferðarslys. Föll og óhöpp eru mjög algeng slys og þá er lélegt viðhald innviða helsta ástæða þeirra. Föll og slys á meðal gangandi vegfarenda þar sem vegfarandinn slasast alvarlega, eru 30 falt fleiri í Svíþjóð en bílslys þar sem vegfarandi slasast alvarlega. Því ber viðhald að fá mikla athygli eins og gert er í öllum stöðlunum.

UPPLÝSINGAR, LITASKIL OG LÝSING

Annað sem allir staðlar eru sammála um er hversu mikilvægt það er að gefa góðar upplýsingar og hafa góða lýsingu og litaskil. Helsti áherslumunur á milli staðlanna kveður á um hæð skiltanna. Þannig er nefnt í danska staðlinum að hæð upplýsingaskilta við stoppistöðvar skuli ekki vera meira en 1,7m frá yfirborði á meðan það er talað um 1,6m í danska staðlinum.

Upplýsingar skulu vera aðgengilegar öllum. Þannig eiga þær að vera staðsettar að þær séu sýnilegar fyrir alla en einnig læsilegar. Því er mikilvægt að upplýsingar séu með góðu letri og nógu stórt svo að allir geti lesið upplýsingarnar. Upplýsingar þurfa einnig að vera auðskiljanlegar. Skilti þurfa að vera samræmd og gegnumgangandi bæði innan og utanhúss. Þau þurfa einnig að vera vel lýst. Bakgrunnur skiltaplötu þarf að vera frábrugðinn texta (góðum litaskilsmun) og blindraletur skal útfært á sama hátt og blindraletur í bókum.

Litaskil á göngu-og hjólastígum eru mikilvæg til að hjálpa sjónskertum og blindum að komast leiða sinna. Litaskil og merkingar á svæðum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur skulu vera sýnilegar og læsilegar og frábrugðnar nánasta umhverfi. Litamunur er mældur með NCS litakóða og passa skal að litamunur á milli flata sé minnst $k=0.3$. Því hærri sem litaskilin eru því meiri litamunur, sem auðveldar fyrir blinda og sjónskerta. Þannig skal litamunur á gangbrautum (sebrarnir) að vera minnst $k=0,3$. Þá er lýsing og staðsetning ljósgjafa einnig mikilvægur þáttur í því að bæta og auka öryggi vegfarenda. Lýsing og staðsetning ljóspunkta á að undirstrika notagildi og þýðingu/nýtingu umferðarkerfis og undirstrika tiltekna stefnu og auðkenni kennileita. Röng staðsetning ljósgjafa getur verið ruglandi og aukið slysaþættu.

GRÓÐUR

Gróður og staðsetning gróðurs er mikilvægur þáttur í að tryggja að fólk með ofnæmi eða astma geti komist leiða sinna, þar sem það þarf að komast. Þá er nefnt í norrænum reglum að gróður skal staðsettur utan gangsvæða, ekki eigi að notast við gróður sem er ofnæmisvaldandi og viðhald á gróðri sé mikilvægt svo hann vaxi ekki úr sér og skapi slysaþættu.